



Loftslagssjóður ungs fólks í Reykjavík

Úthlutunarreglur

1. Sjóðurinn og markmið hans

Loftslagssjóður ungs fólks í Reykjavík (Youth Climate Action Fund) er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Bloomberg philanthropies. Markmið sjóðsins er að virkja ungt fólk í leit að lausnum á loftslagsvandannum. Sjóðurinn veitir styrki til verkefna sem eru hönnuð og unnin af ungu fólki á aldrinum 15-24 ára.

Heildarupphæð styrkja úr sjóðnum ræðst af því fjármagni sem Bloomberg philanthropies styrkir Reykjavíkurborg til verkefnisins. Úthlutun úr sjóðnum fylgir þessum reglum sem byggja á leiðbeiningum Bloomberg philanthropies. Umhverfis- og skipulagssvið annast umsjá sjóðsins, þ.m.t. auglýsingu og úthlutun úr sjóðnum.

2. Umsækjendur

Ungt fólk 15-24 ára eða samtök sem starfa í þágu fólks á þeim aldri geta sótt um styrk í sjóðnum. Umsóknir þurfa að berast í gegnum samtök, hópa eða skóla. Ekki eru veittir styrkir til einstaklinga.

3. Styrkhæf verkefni

Sjóðurinn styrkir ný verkefni sem tengjast lausnum á loftslagsvandannum. Verkefni verða að vera hönnuð og framkvæmd af ungu fólki á aldrinum 15-24 ára. Verkefni þurfa að hafa beina skírskotun til og styðja við gildandi loftslagsáætlun Reykjavíkur.

Verkefni sem koma ekki til álita eru: verkefni á vegum Reykjavíkurborgar sem hafa nú þegar hlotið styrk, verkefni sem eru unnin beint í tengslum pólitíska eða trúarlega starfsemi, námsstyrkir eða beinn stuðningur við einstaklinga.

4. Umsóknir

Umsækjandi skal skila þeim gögnum sem óskað er eftir t.a.m. um markmið verkefnis, tíma- og verkáætlun, aðra fjármögnun verkefnis. Umsóknir verða að berast fyrir auglýstan umsóknarfrest.

5. Styrkhæfur kostnaður

Styrkhæfur kostnaður verður að tengjast verkefni beint, t.a.m. efniskostnaður, kostnaður vegna þátttöku í verkefnum eða annars slíks.

Laun eða launatengd gjöld eru að jafnaði ekki styrkhæf nema annað sé tekið fram. Ekki er hægt að hljóta styrk vegna kaupa á tækjabúnaði, kostnaðar sem er hluti af daglegum rekstri eða þóknun fyrir ræðumennsku á viðburðum.

6. Valnefnd

Umhverfis- og skipulagssvið skipar að lágmarki 3 einstaklinga í valnefnd fyrir mat á umsóknum. Leitast skal við að fulltrúar í valnefnd hafi sérþekkingu á loftslagsmálum, starfi með ungu fólki og þekkingu á stjórnsýslu Reykjavíkurborgar.

Valnefnd ákveður umsóknarfrest í samræmi við leiðbeiningar Bloomberg philanthropies.



7. Mat á umsóknum

Við mat á umsóknum skal meta hvort verkefni:

- Sé hannað og framkvæmt af ungu fólki á aldrinum 15-24 ára
- Hafi beina skírskotun til loftslagsstefnu Reykjavíkur
- Verði framkvæmt í Reykjavík
- Verði lokið fyrir auglýsta lokadagsetningu
- Byggi á sterkri hugmynd og hafi skýr markmið
- Sé líklegt til að draga úr losun eða stuðla að aðlögun að loftslagsbreytingum
- Fari nýjar eða skapandi leiðir til að ná markmiðum þess
- Hafi skýra verk- og tímaáætlun
- Sé líklegt til að valdefla ungt fólk á aldrinum 15-24 ára
- Hafi skýra fjárhagsáætlun og sótt sé um styrk fyrir styrkhæfum kostnaði
- Öðrum atriðum sem koma fram í auglýsingu.

Valnefnd gerir valnefndarálit fyrir hvert verkefni.

8. Skil á gögnum

Styrkþegar skulu veita allar fjárhagslegar upplýsingar sem tengjast styrkveitingunni og framvindu verkefnisins. Styrkþegar skulu skila lokaskýrslu með þeim áherslum sem óskað er eftir hverju sinni.

Þeir aðilar sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg og Bloomberg philanthropies skulu láta þess getið í kynningarefni sínu.

9. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi þegar þær hafa verið staðfestar af borgarráði.

